

## **Ávarp rektors á 10 ára afmæli Keilis- miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs**

Þingmenn, bæjarstjóri, starfsfólk og nemendur Keilis, kæru gestir.

Stundum er sagt að tíminn sé eins og fugl sem flýgur og það á sannarlega við um fyrstu 10 árin í sögu Keilis sem hafa liðið hratt. Margir góðir hlutir hafa gerst á þessum skamma tíma og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Ég hef átt þess kost að fylgjast náið með þróun þessarar menntastofnunar og var ég fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Keilis fyrstu árin. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með kraftmikilli uppbyggingu Keilis á stuttum tíma. Rík ástæða er til að gleðjast á þessum tímamótum þegar 10 ár eru liðin frá stofnun Keilis - miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs.

Háskóli Íslands hefur þjónað íslensku samfélagi í rúmlega öld og á þeim tíma verið virkur þátttakandi í uppbyggingu þess. Vorið 2007 tók Háskóli Íslands, ásamt Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, Reykjanesbæ og fleiri aðilum þátt í stofnun Keilis. Háskóli Íslands kom inn sem stærsti hluthafinn í fjölbreyttri flóru hluthafa vegna þess að áhersla var lögð á að Háskólinn skapaði kjölfestu í menntastarfi Keilis. Þetta hefur gengið eftir. Keilir býður nú upp á nám á fjórum megin sviðum, sem eru: Háskólabrú, Flugakademía, Íþróttakademía og tæknifræði, sem skiptist í tvær námsleiðir, þ.e. mekatróník hátæknifræði og iðnaðartæknifræði fyrir efna- og líftækni iðnað. Háskólabrúin og tæknifræðin eru á ábyrgð Háskóla Íslands.

Á Ásbrú er afar góð aðstaða til kennslu og rannsókna. Þessi aðstaða, ásamt ríkri áherslu á nútímalega kennsluhætti, hefur laðað að nemendum og mikilvæga samstarfsaðila úr atvinnulífi. Þannig hefur Keilir stuðlað að þróttmiklu og fjölbreyttu samfélagi fyrir ungt fólk sem leitar sér menntunar og tækifæra til framtíðar.

Háskólabrú Keilis, sem rekin er á ábyrgð Háskóla Íslands, býður upp á nám á framhaldsskólastigi sem sniðið er að þörfum fólks sem ekki hefur haft tækifæri til að ljúka framhaldsskólanámi. Nemendur Háskólabrúar Keilis eiga þess kost að ljúka aðfaranámi, sem allar deildir Háskóla Íslands viðurkenna. Frá 2007 hafa 1496 nemendur lokið slíku námi og hafa margir þeirra reynt fyrir sér í Háskóla Íslands með góðum árangri eins og gögn um námsgengi nemenda við skólann sýna.

Það hefur verið Háskóla Íslands kappsmál að bjóða upp á tæknifræðinám til BS prófs á vettvangi Keilis, enda eru hér afbragðs aðstæður fyrir slíkt nám og mikil þörf á að efla tæknifræðimenntun í landinu og er tæknifræðinám Keilis viðbót við verkfræðinámið sem HÍ býður upp á, en þó þessar tæknigreinar séu af sama meiði þá eru þær ólíkar og hafa sérstöðu. Báðar greinarnar eru mikilvægar fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það er afar brýnt að fjölga nemendum í tæknigreinum á háskólastigi, atvinnulífið kallar eftir tæknimenntuðu vinnuafli og alþjóðleg þróun staðfestir að þörfin fyrir tæknimenntað fólk vex hratt – og raunar hraðar en við höldum. Tækninám er hins vegar dýrt og krefst sérhæfðrar aðstöðu, tækja, efnis, mannafla o.fl. Ný skýrsla frá Evrópusambandinu - *The Economic Rational for Public R&I Funding and its Impact* - staðfestir með ótvíræðum hætti að það er beint samhengi á milli útgjalda ríkja til rannsókna og menntunar annars vegar og framleiðniaukningar og hagvaxtar hins vegar.

Skortur á vel menntuðu vinnuafli sem ræður við verkefni í hátæknigreinum er talin ein helsta ógnin við framleiðniaukningu og hagvöxt í Evrópu í nánustu framtíð.

Við verðum að sameinast um að bregðast við þessum vanda hér á landi m.a. með vel fjármöggnuðu háskólastarfi sem býður upp á góða tilrauna- og verkefnaaðstöðu. Þetta er vissulega áskorun en að óbreyttu munum við engan veginn geta staðið undir eftirspurn íslensks atvinnulífs eftir tæknimenntuðu vinnuafli. Samkeppnishæfni Íslands, lífskjör og farsæld samfélagsins til framtíðar eru í húfi.

Á þessum tímamótum er gaman að rifja upp rúmlega 10 ára gamla viljayfirlýsingu stofnenda Keilis sem dagsett er 15. mars 2007, en þar er að finna upphaflegu markmiðin með félaginu, sem voru:

- að byggja upp háskólasamfélag á svæðinu,
- að efla háskólarannsóknir og kennslu,
- að efla starfstengt nám og
- að koma á laggirnar frumgreinadeild, eða aðfararnámi að háskóla, í því skyni að hækka menntunarstig á Suðurnesjum.

Markmið þessi voru sett fram við erfiðar aðstæður, þegar saman fór aflagrestur á miðunum og brotthvarf bandaríska herliðsins með tilheyrandi fækkun starfa og þrenginga í samfélaginu.

Með samstilltu átaki ólíkra aðila hefur tekist að breyta gamalli herstöð í kvikt og þróttmikið samfélag sem einkennist af frumkvæði, nýsköpun, rannsóknastarfi og fjölbreyttum tækifærum til aukinnar menntunar. Keilir er miðpunkturinn í þessu nýja og gróskumikla samfélagi á Ásbrú. Að mínu mati hefur Keilir því sannarlega staðið undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar í upphafi og gott betur.

Ég vil óska nemendum, starfsfólki Keilis og okkur öllum til hamingju með 10 ára afmælið um leið og ég vil láta í ljós þá von að starfsemi Keilis muni áfram eflast og dafna íslensku samfélagi til heilla.

Til hamingju með daginn!